

Fyrirspurn

til dóms- og kirkjumálaráðherra um presta þjóðkirkjunnar.

Frá Einari K. Guðfinssyni.

1. Hversu margir prestar starfa nú á vegum þjóðkirkjunnar? Hve margir voru þeir fyrir tíu árum, árið 1993, og 1. janúar 1998, við gildistöku nýrra laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar?
2. Hversu margir prestar þjóðkirkjunnar eru nú sóknarprestar og hve margir sérþjónustu-
prestar og héraðsprestar og hver var skiptingin 1993 og 1998?
3. Hver var fjöldi presta eftir prófastsdæmum árið 1993, 1998 og í ár, að loknum þeim
breytingum á skipan prestakalla sem kirkjuþing hefur samþykkt?
4. Starfa einhverjir sérþjónustuprestar utan höfuðborgarsvæðisins? Ef svo er, hvar og á
hvaða sviðum?

Skriflegt svar óskast.